

# Aðalfundur S. Í. H. U.

Haldinn í Svartaskógi, laugardaginn 19. september 2009

Formaður setti fundinn kl. 11.00 með því að bjóða alla velkomna á fundinn. Því næst stakk formaður upp á Hreini Halldórssyni sem fundarstjóra og Gunnari Kvaran sem fundarritara og fundarstjóra til vara Stefán Þórisson og samþykkti fundurinn tillögu formanns einróma.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og þakkaði fundarmönnum það traust að vera kjörinn fundarstjóri. Fyrsta verkefni fundarstjóra var að skipa í kjörbréfanefnd og voru eftirtaldir aðilar kjörnir í nefndina. Frosti Gunnarsson, formaður og með honum til halds og trausts, Guðný K. Erlingsdóttir og Grétar Geirsson. Því næst gerði fundarstjóri fundarmönnum grein fyrir því að fundurinn yrði hljóðritaður og var enginn sem gerði athugasemd við það.

## **Fundargerð síðasta aðalfundar:**

Ritari, Gunnar Kvaran las upp fundargerð síðasta aðalfundar og voru engar athugasemdir gerðar við fundargerðina.

## **Kjörbréfanefnd:**

Nefndin fór yfir öll kjörbréf og voru þau öll samþykkt. Alls mættu 12 formenn og 10 fulltrúar frá 13 félögum.

## **Skýrsla formanns:**

### **Skýrsla stjórnar S.Í.H.U fyrir starfsárið 2008-2009.**

Góðir aðalfundargestir, formenn og fulltrúar aðildarfélaga.

Frá síðasta haustfundi S.Í.H.U sem var haldinn í boði Félags Harmonikuunnenda á Vestfjörðum og tókst vel að flestra dómi er þetta helst. Stjórn sambandsins hefur haldið 9 stjórnafundi, á starfsárinu en nú hafa þeir verið haldnir í síma utan þess að við hittumst í Reykjavík og Breiðumýri og ræddum málin. Utan þessara funda hafa stjórnarmenn verið í símasambandi eftir því sem þótt hefur þurfa. Skömmu eftir aðalfundinn var haldið Ungmennalandsmót í Reykjaskóla og var framkvæmt þess í höndum Harmonikuakademíunnar en þar mættu um 60 nemendur með kennurum sínum, frá hinum ýmsu tónlistarskólum og einkakennurum. Ef marka má það sem heyrst hefur um þetta mót virðist hafa vel til tekist og ánægja með mótið.. Eins og áður lagði S.Í.H.U. fram styrk til mótsins upp á kr 160 þúsund eins og kemur fram í reikningum og teljum við að þeim peningum hafi verið vel varið . Nú hafa þau gleðitíðindi gerst að

Harmonikufélag Reykjavíkur hefur boðist til að halda næsta unglingslandsmót þann 23-25 okt næstkomandi og verður það kynnt nánar hér á fundinum. Ég vil hér og nú þakka Harmonikuakademíunni fyrir þeirra framlag varðandi landsmótshald. Hins vegar tel ég að þessi mót eigi að vera í umsjón harmonikufélaganna í landinu og vera þeirra verkefni. Enn og aftur vil ég hvetja félögin að senda unga harmonikuleikara til unglingslandsmóts ef til vill styrkja nemendur og kennara til ferðar því að ekkert er betur fallið til að efla harmonikuleik og starf en að unga fólkið fá tækifæri til að hittast og spila hvert fyrir annað. Þetta gæti verið ein eða eina leiðin til þess að fá nýtt fólk í félögin okkar.

Á síðasta aðalfundi var ég undrandi á því hvað fundarmenn höfðu litla skoðun á málefnum sambandsins og því var flutt tillaga um nefnd sem færi yfir starfsemi og tilgang sambandsins og kæmi með framtíðarsýn fyrir landssambandið. Því var skipuð nefnd til að fara yfir þessi mál og voru kosnir í hana formenn aðildarfélaga sem hafa mikla reynslu í starfi. Meðal annars stóð í erindisbréfi nefndarinnar: Hlutverk nefndarinnar er að fara yfir starfsemi Sambands Íslenskra Harmoníuunnenda hvað varðar skipulag, fjármál, árgjöld, landsmót, unglingslandsmót svo og markmið og stefnu sambandsins. Nefnin skal leitast við að koma með tillögur sem geta eflt sambandið og aðildarfélögin svo og að laða fólk almennt að harmonikuleik.

Þessi nefnd hefur nú lokið störfum og mun leggja fram sínar tillögur á fundinum og það er í ykkar valdi góðir fundarmenn hvert brautargengi þær tillögur hljóta. Ég vil nota tækifærið að þakka nefndarmönnum fyrir störf sín í þágu sambandsins og aðildarfélaganna.

Einnig var sett á stofn nefnd sem hafði það hlutverk að fara yfir rekstur landsmóta S.Í.H.U. í gegnum tíðina og gera tillögur til úrbóta. Í erindisbréfi stóð meðal annars:

Hlutverk nefndarinnar er að fara yfir allt skipulag, framkvæmd og fjármál landsmóta S.Í.H.U. Nefnin skal leitast við að koma með tillögur sem geta eflt landsmótið, sambandið og aðildarfélögin svo og að laða fólk almennt að sækja landsmótið..

Nefndin hefur ekki lokið störfum en mun leggja fram tillögu til breytingar á lögum sem varðar landsmótshald og verður það kynnt síðar á fundinum.

Harmonikublaðið kom út síðasta ár undir stjórn Hreins Halldórssonar en eins og fram kom á síðasta aðalfundi lá það fyrir að við myndum ekki njóta starfskrafta Hreins nema fram að áramótum. Ég vil fyrir okkar hönd þakka Hreini fyrir frábært starf við blaðið og bið ykkur að gefa honum gott klapp.

Þegar þetta lá fyrir var okkur nokkur vandi á höndum en stjórn reyndi að fá einhvern aðila til að taka að sér blaðið en það tókst ekki a.m.k. ekki fyrir þá peningaupphæð sem í boði var. Því ákvað stjórn að halda blaðinu úti þetta ár þar sem að við teljum að það sé aðeins í valdi

aðalfundar að ákveða framtíð blaðsins en í mínum huga er ljóst að til þess að fá einhvern aðila til að taka að sér blaðið þarf aukið fjármagn sem verður þá að koma með hækkandi áskriftargjöldum. Rétt er þó að geta þess að áskrifendum blaðsins hefur fjölgað og eru þeir ca. 560 núna, sem auðvitað lagar stöðuna talsvert. Ég vil þakka stjórnarmönnum fyrir óeigingjarnt starf við útgáfu blaðsins en tek fram að stór hluti þeirrar vinnu hefur lent á Gunnari og Melkorku. En góðir fundarmenn. Framtíð blaðsins er í ykkar höndum.

Enn kynnum við nýja heimasíðu sambandsins og vonum að hún muni standa undir nafni frekar en sú sem áður var. Enn teljum við að blaðið og heimasíðan þyrftu að vinna saman og svo mun verða alla vegana þetta ár þar sem stjórn hefur ákveðið að halda úti blaðinu til áramóta. Við teljum að notkun á heimasíðunni þurfi að aukast og vera vettvangur skoðanaskipta auglýsinga og úrdrætti úr blaðinu, myndum úr starfi, svo nokkuð sé nefnt og við vonum að fundurinn hafi einhverjar hugmyndir um frekari notkun. Nú þegar hefur Harmonikufélag Reykjavíkur kynnt ungmennalandsmót og nú góðir fundarmenn verðum við að taka okkur á og nota þau hjálpartæki sem við höfum til að kynna starf okkar því að síða sem ekkert er notuð og breytist ekki neitt dag frá degi og er tilgangslaus og nánast verri en ekkert.

Félögin og sambandið stóð fyrir Harmonikudeginum og mun Einar Guðmundsson gera nánar grein fyrir framkvæmd hans en félögin gerðu þetta hvert með sínu sniði. Leikin var harmonikumúsík í verslunum, haldnir tónleikar og dansleikir. Víðast hvar tókst þetta vel og vonandi hefur þetta vakið þó nokkra athygli. S.Í.H.U. sá um að auglýsa daginn á landsvísu en félögin um framkvæmdina, Að þessu sinni eyddum við minni peningum í auglýsingar en áður hefur verið gert, en við vonum að það hafi ekki komið verulega að sök. Athuga þarf fyrir næsta vor hvernig við komum okkur en frekar á framfæri í fjölmiðlum og er þá spurningin með útvarp og sjónvarp en þá þurfum við að koma með eitthvað sem er spennandi efni fyrir fjölmiðlana.

Gaman væri ef fram kæmu á fundinum einhverja nýjar hugmyndir varðandi framkvæmd þessa sameiginlega dags okkar.

Vonandi geta fundarmenn sagt frá hvort þetta kemur að gagni við að efla starf félaganna og fá nýtt fólk til samstarfs við okkur.

Hvað varðar að koma harmonikunni betur á framfæri í fjölmiðlum þá er það helst að segja að þau mál hafa verið rædd við útvarpsmenn. Það er skoðun þeirra að við sjálfir séum ekki mjög duglegir að koma á framfæri því sem við erum að gera og reyndar hefur mér verið sagt að það sem við erum að gera sé ekki spennandi á nokkurn hátt og kann svo vel að vera. Líklega væri best að félögin reyndu að notfæra sér aðgang að svæðisútvörpun á sínu svæði.

Næsta Landsmót verður haldið 2011 af harmonikufélagi Rangæinga og mun Jóhann Bjarnason formaður kynna hvað er að gerast í þeim málum á fundinum. Stjórn SÍHU tók þá ákvörðun að veita þeim Hilmarí Hjartarsyni og Þorsteini Þorsteinessyni viðurkenningu fyrir störf

sín við blaðaútgáfu þar sem þeir voru upphafsmenn að blaðinu Harmonikan. Viðurkenningin var veitt á harmonikumóti í Árnesi af Gunnari Kvaran ritara sambandsins. Við munum halda áfram að veita þeim aðilum viðurkenningar sem hafa unnið félögum og sambandinu ómetanlegt starf með því að vera í fararbroddi við að kenna á harmoniku, breiða út harmonikutónlist, og verið í forsvari aðildarfélaga, fólkið sem hefur dregið harmonikuvagninn um langan tíma án þess að við hin höfum þakkað þeim sem skyldi. Þetta er ekki auðvelt mál því að þarna hafa margir komið við sögu og við ekki alvitur hvað þessi mál varðar. Þessum aðilum óska ég til hamingju með viðurkenninguna. Það er skoðun mín að við séum ekki nægilega dugleg að viðurkenna það sem vel er gert og sjálfboðaliðastörf eins og er svo mikið um í okkar félagsskap verða oft útundan og vekja ekki verðskuldaða eftirtekt.

Ég sagði á síðasta aðalfundi að við hefðum nokkrar áhyggjur af stöðu félaganna og landsambandsins og því miður finnst mér að við höfum ekki náð nægilegum árangri þó að um ljósa punkta sé að ræða í starfseminni.

Á þessum fundi á að kjósa aðila í stjórn sambandsins eða nánar tiltekið varaformann, gjaldkera og varamann. Ég hvet fólk til þess að bjóða fram krafta sína í stjórn S.Í.H.U. og tel að fólk sem kemur sjálfviljugt til starfa muni líklegt til afreka og góðra hluta, **Ég tel að við ættum að spyrja hvað við getum gert fyrir sambandið og félögin frekar en spyrja hvað félögin og sambandið geti gert fyrir okkur.**

Ég hvet formenn og fulltrúa til þess að taka umræðu um þá þætti sem hér hefur verið fjallað um í skýrslunni, sérstaklega er nauðsyn að ræða fjármál, útgáfumál og hvert skal stefna því að það hlýtur að vera verkefni þessa fundar að móta stefnu sem stjórn á að koma í framkvæmt fram að næsta aðalfundi eftir ár. Öll umræða er til bóta og skiptir sköpum um framtíð sambandsins og félaganna.

Nú hefur verið dregið á helstu þætti starfsins hjá stjórn SÍHU og vil ég þakka meðstjórnendum mínum fyrir gott samstarf svo og stjórnnum aðildarfélaga fyrir gott samstarf á liðnu starfsári. Fari svo að einhverjir stjórnarmenn gefi ekki kost á sér til áframhaldandi starfa vil ég nota þetta tækifæri til að þakka þeim samstarfið og vel unnin störf. Við erum stödd á aðalfundi og á honum eigum við að móta starf komandi starfsárs þannig að stjórn landsambandsins viti hver er vilji félaganna og geti reynt að vinna þeim brautargengi.

Fyrir hönd stjórnar SÍHU.

Jónas Þór Jóhannsson formaður

Að lokinni skýrslu formanns, bauð fundarstjóri fulltrúum á fundinum að tjá sig um skýrslu formanns. Guðrún Guðjónsdóttir var fljót að taka undir orð formanns um að gott væri að hugsunin, „Hvað get ég gert fyrir félagið mitt og sambandið“ væri sú hugsun sem allir félagar ættu að temja sér í farmtíðinni. Guðrún var ánægð með ræðu formanns. Sigurður Eymundsson tók til máls og lýsti hann ánægju sinni

með skýrslu formanns og taldi hann að allar þær fjölmörgu harmonikuhátíðir sem haldnar eru víða um land sé hið besta mál og félögunum til mikils sóma. Einnig taldi Sigurður að harmonikukeppnir séu mjög gott mál og verði að koma í framkvæmd. Gunnar Kvaran var á sama máli og Guðrún og notaði tækifærið jafnframt til að hvetja formenn aðildarfélaganna til að gera allt til að auka áskrift að Harmonikublaðinu. Elísabet Einarsdóttir lagði til að allt verði gert í framtíðinni til að hlúa að grasrótinni og hinum almenna félagi. Aðrir tóku ekki til máls um skýrslu formanns.

#### **Skýrslur nefnda:**

**Ath. Neðangrein skýrsla er nákvæmlega eins og hún var lögð fram á fundinum og kynntu hana Guðrún Guðjónsdóttir og Friðjón Hallgrímsson. Á eftir hverri greinagerð hefur fundarritari ritað það sem fram kom varðandi viðkomandi málefni og greint frá niðurstöðu fundarins. Niðurstöður verða feitletraðar í skýrslunni.**

### **Tillögur og hugleiðingar nefndar sem kosin var á aðalfundi S.Í.U.H. á Núpi við Dýrafjörð í sept. 2008**

#### **Verkefni:**

**Fara yfir skipulag, fjármál og markmið S.Í.H.U.**

**Nefndina skipa: Jóhann Bjarnason, Guðrún Guðjónsdóttir, Friðjón Hallgrímsson, Þórólfur Þorsteinsson og Stefán Þórison**

Reykjavík 20 júlí 2009.

#### **Landsmót:**

Landsmótin eru aðalsmerki S.Í.H.U. og verði haldin á þriggja ára fresti eins og verið hefur.

Stjórn S.Í.H.U. setjist niður strax þegar uppgjör vegna landsmóts liggur fyrir og geri síðan fjárhagsáætlun til næstu þriggja ára eða fram að næsta landsmóti. .

#### **Greinagerð:**

Nauðsynlegt er að eyrnamerkja allt það fjármagn sem til er og ákveða t.d. hversu mikið má setja í styrki, ungmennamót og fl. Þegar búið er að varða leiðina ætti að vera mun auðveldara fyrir stjórn hvað alla ákvörðunartöku varðar og þannig léttu til muna öll stjórnarstörf..Reynslan hefur sýnt okkur að ekki er æskilegt að halda landsmót á stór - Reykjavíkursvæðinu.

#### **Ungmennalandsmót:**

Ungmennalandsmót eiga að vera árlegur viðburður og halda á þau í eða við þéttbýli.

Greinagerð:

Með því að halda ungmennalandsmót í eða við þéttbýli eru meiri möguleikar á því að mun fleiri sækji mótin bæði nemendur og aðrir sem áhuga hafa á því að fylgjast með unga fólkinu, höfum við þá í huga nálægð við Reykjavík eða Akureyri og mætti það til dæmis vera til skiptist á þessum stöðum.

**Gunnar Kvaran tók til máls og taldi hann allar framkomnar tillögur mjög góðar. Hann telur rétt að litið verði á næsta mót sem tilraun hvor það sé grundvöllur fyrir því að halda ungmennamótin í þéttbýli. Einar Guðmundsson var sammála Gunnari og lagði til að ef það kæmi í ljós að þéttbýlið væri ekki rétti staðurinn fyrir ungmennalandsmót, þá ætti að endurskoða það mál en halda harmonikukeppnirnar í þéttbýli.**

**Niðurstaða fundarins varðandi ungmennamótin er að bíða og sjá hvernig til tekst með næsta mót og taka ákvörðun út frá því.**

**Harmonikudagurinn:**

Harmonikudagurinn verði haldinn á haustin t.d. í október

Greinagerð:

Í október er mun minna um að vera í tónlistinni og myndi dagurinn vekja meiri athygli þá, auk þess sem okkur finnst að hann eigi að koma sem viðbót við annað en ekki setja hann ofaní það sem tónlistaskólarnir og harmonikufélögin eru að gera á vorin, hins vegar er mjög gott þegar félögin tengjast tónlistaskólunum með einhverskonar samvinnu Einnig ætti að nota Harmonikudaginn til kynningar á S.Í.H.U.og vetrarstarfi félaganna.

**Nokkrir tóku til máls varðandi þessa tillögu og voru flestir utan af landi á því að halda sig við maí. Og varð niðurstaðan um harmonikudaginn að hann verði áfram haldinn í maí, ár hvert. Síðan er stjórn falið að vinna að kynningu á harmonikunni í leikskólum og grunnskólum landsins að hausti eða þegar vetrarstarfið er komið á fullt hjá félögunum og yrði það til að efla starfið innan félaganna.**

**Harmonikublaðið:**

Lögð verði áhersla á að efla blaðaútgáfuna.

Greinagerð:

Margt af því fólki sem eru áskrifendur að blaðinu er ekki með tölvur og er blaðið því nánast eina leið þeirra til að fylgjast með því sem um er að vera hjá félögunum og sambandinu þar sem blaðið er aðal og útbreiddasta mál gagn S.Í.H.U. er nauðsynlegt að fara af stað með öflugra áskriftarsöfnun og efnisöflun er það skylda hvers félags að standa vel saman að útgáfu blaðsins í þágu okkar allra sem þarna erum innanborðs.

**Allir þeir sem tóku til máls varðandi Harmonikublaðið voru á einu máli um að halda eigi úti blaðinu og reyna allt til að auka áskrifendur að blaðinu og eins finna leiðir til að standa undir blaðaútgáfunni.**

**Einnig var rætt um að tengja saman blaðaútgáfuna og nýju heimasíðuna sem nú er í smíðum og má segja að sé að komast í gagnið. Að lokum var samþykkt á fundinum að hækka áskrift blaðsins. Næsta ár verður verð blaðsins til áskrifenda kr. 2.500.00 og til aðildarfélaga kr. 1.700.00**

### **Fjáröflun:**

Tónleikahald S.Í.H.U. standi fyrir tónleikum í samvinnu við félögin.

### **Greinagerð:**

Byrja mætti t.d. í Reykjavík og ef vel tekst til, gera þetta að árlegum viðburði. Ljóst er að það er nógur efniviður í félögunum bæði ungir sem aldnir.

**Tillaga Guðrúnar Guðjónsdóttur um að stjórn sambandsins standi fyrir tónleikum til fjáröflunar fyrir sambandið í samstarfi við það aðildarfélag sem er á því svæði er tónleikarnir verða haldnir.**

Tónleikana ætti að halda í feb.eða mars þegar minna er um að vera..

### **Útgáfa á geisladiskum.**

### **Greinagerð:**

Upp hefur komið sú hugmynd að gefa út geisladisk með landsmótlögunum frá upphafi og fá einhverja vel spilandi til að spila þau í sjálfboðavinnu. Einnig mætti hugsa sér að félögin hvert um sig spiluðu 2-3 lög inn á disk. Mætti t.d. skuldbinda þau félög sem þátt tækju í spilamennskunni að selja ákveðið magn af diskum. Kanna þarf kostnað við þetta, en við erum sannfærð um það, að markaður er fyrir hendi á slíkum diskum.

**Ofangreindri tillögu var vísað til stjórnar og skal hún kanna alla möguleika á útgáfu geisladisks á sem hagkvæmastan hátt.**

### **Harmonikukeppni:**

Halda harmonikukeppni meðal yngra fólks.

### **Greinagerð:**

Harmonikukeppnir eru haldnar víðsvegar um heim og á þessum vettvangi hafa flestir af bestu harmonikuleikurum heims komið fram í fyrsta skipti og síðan áfram til sterkustu móta..Fyrir nokkrum árum var haldin slík keppni í Reykjavík og tókst hún mjög vel, er þetta bæði hvetjandi og eikur metnað unga fólksins til muna. Slíka keppni mætti t.d. tengja við ungmennalandsmótin

**Formaður óskaði eftir að fá upplýsingar um hvernig svona keppni fer fram og var Fiðjón Hallgrímsson fús til að gefa greinagóða útlistun á framkvæmd svona keppni. Nokkur umræða varð um málið og var nokkuð rætt um viðhorf kennara til málsins, en það er algjör forsenda fyrir því að vel takist til að hafa**

alla kennara með við framkvæmd á harmonikukeppni meðal yngra fólksins. Að lokum var þessari tillögu vísað til stjórnar til frekari skoðunar.

### **Aðildargjald:**

Oft hefur komið fram á fundum sambandsins að miða ætti gjaldið við fjölda félagsmanna og komið hefur upp talan 300 pr. mann.

### **Greinagerð:**

Ekki liggur ljóst fyrir hvort það kæmi meira í kassann hjá S.Í.H.U.en sumum finnst þetta sanngjarnara gagnvart smærri félögunum en ljóst er að það þyrfti lagabreytingu og síðan gæti það komið upp að félögin sem meira borguðu vildu hafa meiri ítök í stjórn sambandsins.

Okkur finnst nauðsynlegt að umræða fari fram um ofangreind mál og væntanlega einhver niðurstaða.

**Friðjón Hallgrímsson talaði fyrir þessu máli að hálfu nefndarinnar og var hann þeirrar skoðunar að breyta núverandi fyrirkomulagi og að hver félagi í aðildarfélögum sambandsins greiði kr. 300.00 og rinni það gjald beint til S.Í.H.U. Eftir framsögu Friðjóns voru nokkrar umræður um málið og að lokum lagði stjórn sambandsins fram tillögu um óbreytt fyrirkomulag aðildargjalds, en gjaldið fyrir hvert aðildarfélag yrði hækkað úr kr. 10.000.00 í kr. 20.000.00. Ekki voru allir sammála um þessa tillögu og sérstaklega ekki minni félögin. Guðrún Guðjónsdóttir lagði þá fram tillögu þar sem aðildargjald fyrir hvert félag yrði kr. 15.000.00 og var sú tillaga samþykkt einróma.**

Samantekt fyrir hönd nefndarmanna

Guðrún Guðjónsdóttir.

Guðrún þakkaði nefndarmönnum fyrir gott starf og þann tíma sem þeir gáfu sér til þess að vinna sem best að gerð skýrslunnar. Einnig þakkaði hún stjórn sambandsins fyrir að fá að vera í forsvari fyrir jafn veigamikilli nefnd sem þessari. Þó kvartaði Guðrún undan slælegum vinnubrögðum stjórnar, því skipunarbréf nefndarinnar barst henni ekki fyrr enn tveimur mánuðum eftir að hún var skipuð.

- - - - -

### **Skýrsla nefndar er skipuð var til að fara yfir rekstur síðustu tveggja landsmóta.**

Nefndina skipa: Melkorka Benediktsdóttir, formaður. Aðrir nefndarmenn, Ásgeir S. Sigurðsson, Jóhann Bjarnason, Ómar Skarphéðinsson og Þórólfur Þorsteinsson.

Formaður nefndarinnar Melkorka Benediktsdóttir kynnti efni skýrslunnar.

Nefndin sem kosin var til að fara yfir rekstur síðustu 2ja Landsmóta ákvað að fá yfirsýn yfir 3 síðustu mót, þ.e. mótin sem voru haldin í Keflavík, á Neskaupstað og á Ísafirði. Ég er sú eina í nefndinni sem ekki hef staðið fyrir landsmóti og get því ekki talað af reynslu. Þeir sem voru

kosnir í nefndina auk mín eru: Ásgeir Sigurðsson, Jóhann Bjarnason, Ómar Skarphéðinsson og Þórólfur Þorsteinsson. Við höfum eingöngu haft samskipti og skipst á skoðunum í síma.

Í skipunarbréfinu segir að markmið skoðunarinnar sé að næsti mótshaldari geti gert sér grein fyrir breytingum sem hafa orðið á rekstri landsmóta frá f. árum.

Við rákum okkur strax á það að erfitt var að bera saman einstaka liði, vegna þess að uppgjörin voru á mismunandi formi. Ég tók þá til þess ráðs að setja þetta upp á 1 blað með 3 dálkum, einum fyrir hvert mót, þar sem ég setti saman þá liði sem mér fundust passa saman, en það var alls ekki auðvelt m.a. vegna mismunandi heita kostnaðarliðanna. Ef þið skoðið þessa samantekt áttið þið ykkur e.t.v. á því sem ég er að tala um. Eftir að hafa farið yfir þessi uppgjör og skoðað þau kemur enn betur í ljós nauðsyn þess að uppgjörunum sé skilað á sama hátt frá öllum. Með því er líka verið að auðvelda næsta mótshaldara að gera sína áætlun.

Stóri óvissuþátturinn í rekstraráætlun fyrir mótin er auðvitað hversu margir munu mótsgestir verða? Og ekkert á að byggja nema fjölda þeirra sem hafa sótt fyrri mót

Varðandi undirbúning og framkvæmd móts hverju sinni verðum við auðvitað bara að treysta þeim félögum sem taka þetta að sér og vona að þau taki sér til fyrirmyndar það sem vel hefur heppnast á fyrri mótum og læri af mistökum þeirra, hafi þau einhver verið og hlusti á gagnrýnisráddir sem eiga rétt á sér.

Ég minni á að rekstrarafgangur landsmótanna er nánast eina tekjulind S.Í.H.U. og ef hún bregst veit ég ekki hvað er til ráða. Og þá komum við enn og aftur að nauðsyn þess að vanda vel allan undirbúning og læra hvert af öðru.

Nefndin leggur til að gerð verði breyting á 7. grein laga S.Í.H.U. þannig að það komi skýrt fram að stjórn S.Í.H.U. skuli eiga fulltrúa í undirbúningsnefnd landsmóts hverju sinni og skila skuli uppgjöri eftir mótin á stöðluðu formi.

Einn nefndarmaður taldi óþarfa að vera að breyta lögnum, það væri svo sjálfsagt að stjórnin/formaðurinn fylgdist með því sem væri verið að gera, en við skulum átta okkur á því að skipt er um fólk í stjórn með reglulegu millibili og þá er nauðsynlegt að hafa skýrar vinnureglur til að fara eftir.

Ég les nú upp 7. greinina með breytingum eins og við leggjum til að hún verði, það er smá orðalagsbreyting frá því sem sent var út með fundargögnunum.

Þetta verður svo tekið fyrir á eftir, undir liðnum Lagabreytingar.

Ég vil ítreka, að með þessari greinagerð hefur nefndin lokið störfum.

Melkorka Benediktsdóttir, formaður

**Fundarmenn voru almennt mjög ánægðir með störf nefndarinnar og voru þeir er tóku til máls um ofangreinda skýrslu sammála öllu því er þar kom fram.**

### **Harmonikudagurinn 2009**

Einar Guðmundsson greindi frá því helsta sem aðildarfélögin gerðu þennan dag í byrjun maí 2009 og kom fram í máli Einars að vel hafi tekist til hjá þeim félögum sem sáu sér fært að taka þátt í deginum. Einar lagði á það áherslu að þessi dagur verði í hávegum hafður í framtíðinni og að kynning á harmonikunni verði sem mest og best.

### **Lagðir fram endurskoðaðir reikningar S.Í.H.U.**

Gjaldkeri, Melkorka Benediktsdóttir las upp reikninga sambandsins og það sem vakti hvað mesta athygli var að sambandið skilaði hagnaði, þrátt fyrir erfitt starfsár, fjárhagslega.

Fundarmenn hljóta að hafa verið sáttir við þær tölur sem þeir heyrðu því engar voru umræður um reikninga sambandsins.

### **Sjá ársreikning í fundargerðarbók**

#### **Lagabreytingar:**

Ein lagabreyting lág fyrir fundinum og talaði Melkorka fyrir breytingu á 7. grein laga sambandsins og hljóðar 7. greinin þannig eftir breytingu:

**Aðildarfélög S.Í.H.U. , sem falin er framkvæmd landsmóta, verða gerð ábyrg fyrir framkvæmd þeirra og skuldbindingum ásamt S.Í.H.U.. Einn stjórnarmaður S.Í.H.U skal sitja í framkvæmdanefnd mótsins hverju sinni. Verði tekjuafgangur af landmóti renna 2/3 hlutar hans til S.Í.H.U. en 1/3 til mótshaldara. Uppgjöri vegna landsmóts skal skila á stöðluðu formi á næsta aðalfundi S.Í. H.U eftir landsmót.**

Lagabreyting þessi var samþykkt samhljóða

### **Kosningar samkvæmt 4. grein laga S.Í.H.U**

Úr stjórn áttu að ganga varaformaður, gjalkeri og varamaður.

Einar Guðmundsson gaf ekki kost á sér til varaformennsku og var Gunnar Kvaran kosinn sem varaformaður í hans stað til næstu þriggja ára.

Gjaldkeri, Melkorka Benediktsdóttir gaf kost á sér áfram sem gjaldkeri og var hún einróma kjörin til næstu þriggja ára. Tveir félagar gáfu kost á sér til setu í stjórn sem varamenn og voru í

kjóri Filippía Sigurjónsdóttir og Friðjón Hallgrímsson. Filippía hafði betur í kosningu og er hún rétt kjörin varamaður næstu þrjú árin.

Þar sem Gunnar Kvaran átti eftir eitt ár sem ritari sambandsins þurfti að kjósa nýjan ritara til eins árs og var stungið upp á Sigrúnu Halldórsdóttur í það embætti og var hún einróma kjörin af fundarmönnum.

### **Kynning á ungmennalandsmóti 2009**

Guðrún Guðjónsdóttir greindi frá væntanlegu ungmennalandsmóti sem haldið verður á vegum Harmonikufélags Reykjavíkur, dagana 23. -25. október á Seltjarnarnesi.

Guðrún kynnti væntanlega dagskrá og að lokum hvatti hún aðildarfélögin til að styrkja ungmenni í félögunum til þátttöku.

### **Kynning á landsmóti 2011**

Jóhann Bjarnason kynnti væntanlegt mót sem haldið verður að Hellu á Rangárvöllum árið 2011. Greindi Jóhann frá því að búið hafi verið síðasta vetur að ganga frá beinagrind að samkomulagi við sveitastjórn, en eftir breytt ástand í Þjóðfélaginu hef enn ekki verið gengið frá þessu samkomulagi. Jóhann fór yfir það helsta sem þarf að vera til staðar til þess að hægt sé að halda svona landsmót og kom fram í máli hans að ekkert sé í veginum fyrir því að landsmótið geti farið fram á Hellu.

Önnur mál:

Melkorka Benediktsdóttir greindi frá uppgjöri frá Hreini Halldórssyni, vegna Harmonikublaðsins og að hann hafi greitt inn á reikning sambandsins um kr. 83.000.00 sem er loka uppgjör.

Einnig kom fram hjá Melkorku að Hreinn hafi afhent gömul Harmonikublöð sem nota mætti sem agn fyrir nýja áskrifendur.

**Sjá uppgjorsblað í fundargerðarbók.**

Formaður lagði til að umboð um framlengingu á störfum nefndar sem Guðrún Guðjónsdóttir veitti formennsku yrði framlengt um eitt ár.

Guðrún og nefndarmenn samþykktu þessa tillögu formanns og eins allir fundarmenn.

Melkorka Benediktsdóttir greindi frá nýrri heimasíðu sambandsins og lagði hún áherslu á að aðildarfélögin nýttu sér þessa síðu. Einnig lagði Melkorka áherslu á að formenn allra aðildafélaga gerðu allt til þess að afla nýrra áskrifenda að Harmonikublaðinu.

Að lokum tók formaður Jónas Þór til máls og þakkaði hann stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf á síðasta ári. Hann þakkaði sérstakleg þeim Einari Guðmundssyni og Jóhanni Bjarnasyni fyrir frábær störf í þágu sambandsins og vonaðist hann til að sambandið fengi að njóta krafta þeirra seinna meir. Jónas bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

Að því loknu var fundi slitið um kl. 16.00

